

**Ed.**

**786. Nefndarálit**

[329. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að heimila stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands að ákveða að skuldbreytingarlán til fiskiskipa, sem verða afgreidd á árinu 1984, megi nema allt að 90% af húftryggingarverðmæti þeirra.

Nefndin kallaði á sinn fund forstjóra Fiskveiðasjóðs og formann L. Í. Ú. Þeir mæltu með því að frumvarpið yrði samþykkt.

Sjávarútvegsnefnd er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins þar sem hún telur nauðsynlegt við ríkjandi aðstæður að skuldbreyting á stofnlánum útgerðar og lenging lána verði framkvæmd sem allra fyrst.

Einnig leggur nefndin áherslu á að við setningu reglugerðar um þessi mál verði einnig tekið tillit til hinna smærri fiskiskipa, þannig að möguleikar til skuldbreytingar nái til allra yfirbyggðra (dekkðra) fiskibáta.

Árni Johnsen var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1984.

Valdimar Indriðason,  
form., frsm.

Kolbrún Jónsdóttir,  
fundaskr.

Skúli Alexandersson.

Egill Jónsson.

Karl Steinar Guðnason.

Tómas Árnason.